

Veitur ohf.
Ársreikningur 2015

Veitur ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 501213-1870

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Veitur ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðal starfsemi félagsins er dreifing rafmagns og framleiðsla og dreifing á heitu vatni.

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2015 er 171.

Hagnaður af rekstri Veitna ohf. á árinu 2015 nam 3.332 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 83.158 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok var 36.890 milljónir króna og var eiginfjárhlutfall félagsins 44,4%.

Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., en það félag er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu 2015.

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verði arður til eiganda félagsins á árinu 2016 vegna rekstrar á árinu 2015 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Veitna ohf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Stjórn og framkvæmdastjóri Veitna ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015.

Reykjavík, 22. mars 2016

Í stjórn félagsins:
Guðrún Sævarsdóttir
Skúli Skúlason
Ingvar Stefánsson

Framkvæmdastjóri:
Inga Dóra Hrólfsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Veitum ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Veitna ohf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. mars 2016

KPMG ehf.

Kristrún Ingólfssdóttir

Guðný Helga Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur	4	20.671.199	19.739.032
Orkukaup og flutningur	5	(4.752.551)	(4.359.976)
Laun og launatengd gjöld	6	(1.545.719)	(1.429.767)
Annar rekstrarkostnaður	7	(4.133.256)	(4.157.035)
Rekstrarkostnaður samtals		<u>(10.431.526)</u>	<u>(9.946.779)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		10.239.673	9.792.253
Afskriftir	9	(3.137.512)	(3.126.147)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		7.102.161	6.666.106
Vaxtatekjur		222.665	217.534
Vaxtagjöld		(3.159.495)	(2.908.133)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(2.936.830)</u>	<u>(2.690.599)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.165.331	3.975.507
Tekjuskattur	8	(833.113)	(750.306)
Hagnaður ársins		<u><u>3.332.217</u></u>	<u><u>3.225.200</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12. 2014
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	76.600.134	71.998.403
Eignarhluti í OR vatns- og fráveitu sf.	10	2	2
Fastafjármunir samtals		<u>76.600.136</u>	<u>71.998.405</u>
Viðskiptakröfur	11	2.277.272	1.825.123
Skammtímakröfur á tengda aðila	17	4.187.423	2.059.966
Aðrar skammtímakröfur	11	4.834	9.480
Handbært fé	12	88.470	66.782
Veltufjármunir samtals		<u>6.557.999</u>	<u>3.961.351</u>
Eignir samtals		<u>83.158.135</u>	<u>75.959.756</u>
Eigið fé			
Hlutfé		4.000	4.000
Endurmatsreikningur		27.913.099	24.823.507
Lögbundinn varasjóður		1.000	1.000
Óráðstafað eigið fé		8.971.862	4.530.729
Eigið fé samtals		<u>36.889.961</u>	<u>29.359.237</u>
Skuldir			
Langtímalán frá móðurfyrirtæki	13	35.682.616	38.601.579
Lífeyrisskuldbinding	14	542.661	520.264
Tekjuskattsskuldbinding	15	4.473.720	2.591.035
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>40.698.997</u>	<u>41.712.877</u>
Viðskiptaskuldir	16	388.822	394.435
Skammtímaskuldir við tengd félög	17	704.880	460.183
Aðrar skammtímaskuldir	16	786.314	416.031
Næsta árs afborgun langtímalána við móðurfyrirtæki	13	3.689.161	3.616.993
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.569.178</u>	<u>4.887.642</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>46.268.175</u>	<u>46.600.520</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>83.158.135</u>	<u>75.959.756</u>

Eiginfjáryfirlit 2015

Árið 2015	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2015	4.000	24.823.507	1.000	4.530.729	29.359.237
Sérstakt endurmat 31.12.2015		5.248.133			5.248.133
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(1.049.627)			(1.049.627)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.386.143)		1.386.143	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		277.229		(277.229)	0
Hagnaður ársins				3.332.217	3.332.217
Eigið fé 31. desember 2015	4.000	27.913.099	1.000	8.971.862	36.889.961
Árið 2014					
Eigið fé 31. desember 2013	4.000	0	0	0	4.000
Sérstakt endurmat 1.1. 2014		26.130.037			26.130.037
Eigið fé 1.1. 2014	4.000	26.130.037	0	0	26.134.037
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.633.162)		1.633.162	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		326.632		(326.632)	0
Tillag í lögbundinn varasjóð			1.000	(1.000)	0
Hagnaður ársins				3.225.200	3.225.200
Eigið fé 31. desember 2014	4.000	24.823.507	1.000	4.530.729	29.359.237

Sjóðstreymisýfirlit 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		3.332.217	3.225.200
Leiðrétt fyrir:			
Breytingum á rekstrartengdum eignum og skuldum		36.509	(1.000.587)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		2.936.830	2.690.599
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Lífeyrisskuldbinding, breyting		22.394	27.339
Tekjuskattur		833.113	750.306
Afskriftir		3.137.512	3.126.147
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>10.298.576</u>	<u>8.819.005</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		222.665	217.533
Greidd vaxtagjöld		(2.336.515)	(2.457.174)
Handbært fé frá rekstri		<u>8.184.727</u>	<u>6.579.364</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(2.435.908)	(1.673.639)
Skammtímakröfur á tengda aðila, breyting		(2.057.303)	(2.917.243)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(4.493.211)</u>	<u>(4.590.884)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun lána við móðurfyrirtæki		(3.669.827)	(1.933.127)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(3.669.827)</u>	<u>(1.933.127)</u>
Hækkun á handbæru fé		21.688	55.353
Handbært fé í ársbyrjun		66.782	11.429
Handbært fé í árslok	12	<u>88.470</u>	<u>66.782</u>
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(55.202)	0
Skammtímaskuldir, breyting		55.202	0
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé frá rekstri		8.148.220	7.579.949

Skýringar

1. Fyrirtækið

Veitur ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið sér um dreifingu rafmagns og varmaorku frá lághitasvæði auk varmaorkuvinnslu á lághitasvæði auk reksturs á OR vatns- og fráveitu sem er rekið í sérstöku félagi. Það er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu OR Eigna ohf. sem er félag að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Ársreikningur Veitna ohf. er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 18.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýrinu 9 um varanlega rekstrarfjármuni.

3. Starfspáttayfirlit

Árið 2015	Rafmagn	Heitt vatn	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	7.450.060	13.193.311	27.828		20.671.199
Tekjur milli starfspáttu	439.755	1.428	0 (441.183)	0
	7.889.815	13.194.739	27.828 (441.183)	20.671.199
Orkukaup og flutningur	1.666.564	3.085.987	0	0	4.752.551
Annar rekstrarkostnaður	2.494.373	3.620.458	5.327 (441.183)	5.678.975
	4.160.937	6.706.445	5.327 (441.183)	10.431.526
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	3.728.878	6.488.294	22.501	0	10.239.673
Fjárfesting	1.051.970	1.406.793	32.347	0	2.491.110

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit frh.

Árið 2014	Rafmagn	Heitt vatn	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	6.710.072	11.046.376	1.982.584	0	19.739.032
Tekjur milli starfspáttu	224.133	2.105	0	(226.238)	0
	6.934.205	11.048.481	1.982.584	(226.238)	19.739.032
Orkukaup og flutningur	1.609.976	2.750.000	0	0	4.359.976
Annar rekstrarkostnaður	1.501.742	1.957.465	2.353.835	(226.238)	5.586.803
	3.111.718	4.707.465	2.353.835	(226.238)	9.946.779
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	3.822.487	6.341.016	(371.251)	0	9.792.253
Fjárfesting	672.980	952.905	47.754	0	1.673.639

4. Rekstrartekjur

	2015	2014
Tekjur af sölu á rafmagnni	6.290.239	6.487.328
Tekjur af sölu á heitu vatni	11.384.043	10.788.999
Tekjur vegna tenginga	303.627	290.225
Sala þjónustu til tengdra aðila	2.577.411	1.954.027
Aðrar tekjur	115.880	218.453
	20.671.199	19.739.032

5. Orkukaup og flutningur

Orkukaup	3.279.985	2.909.919
Flutningur rafmagns	1.472.565	1.450.057
	4.752.551	4.359.976

6. Laun og launatengd gjöld

Laun	1.438.590	1.273.602
Mótframlag í lífeyrissjóði	190.495	167.391
Önnur launatengd gjöld	145.174	129.323
Breyting lífeyrisskuldbindingar	43.252	48.441
	1.817.510	1.618.757

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í reikningskilin:

Gjaldfært í rekstrarreikningi	1.545.719	1.429.767
Eignfært á framkvæmdir	271.791	188.990
	1.817.510	1.618.757

Starfsmannafjöldi:

Fjöldi ársverka	171	163
-----------------------	-----	-----

Laun stjórnenda:

Heildarlaun og þóknar til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu námu 28,9 milljónum kr. (2014: 26,8 millj. kr.).

Skýringar

7. Annar rekstrarkostnaður

	2015	2014
Rekstur veitukerfa	2.226.355	2.293.657
Þjónustusamningar	1.409.760	1.346.820
Rekstur fasteigna	171.337	161.991
Skrifstofukostnaður	74.205	102.624
Aksturskostnaður	203.569	219.595
Starfsmannakostnaður	48.030	32.349
	<u>4.133.256</u>	<u>4.157.035</u>

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:	2015	2014
Breyting á frestuðum tekjuskatti	833.113	750.306
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	<u>833.113</u>	<u>750.306</u>
 Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2015	2014
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	<u>4.165.331</u>	<u>3.975.507</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	20,0%
Aðrir liðir	47 (0,0%)	(44.795) (1,1%)
Virkur tekjuskattur	<u>833.113</u>	<u>750.306</u>

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

31.12.2015	Framleiðslu-kerfi	Dreifikerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausafjármunir	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	54.949.737	106.754.362	232.040	59.528	161.995.668
Viðbætur á árinu	585.631	1.881.374	4.733	19.371	2.491.110
Sérstakt endurmat	4.184.637	8.148.963	0	0	12.333.600
Staða í árslok	<u>59.720.005</u>	<u>116.784.699</u>	<u>236.773</u>	<u>78.900</u>	<u>176.820.377</u>
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	31.093.823	58.770.180	101.667	31.595	89.997.265
Afskrifað á árinu	1.043.445	2.089.365	2.168	2.535	3.137.512
Sérstakt endurmat	2.439.427	4.646.039	0	0	7.085.466
Staða í árslok	<u>34.576.695</u>	<u>65.505.584</u>	<u>103.835</u>	<u>34.130</u>	<u>100.220.243</u>
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1.2015	23.855.915	47.984.182	130.373	27.933	71.998.403
Bókfært verð 31.12.2015	<u>25.143.311</u>	<u>51.279.115</u>	<u>132.939</u>	<u>44.770</u>	<u>76.600.134</u>

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

31.12. 2014

Heildarverð

Yfirfærsla eigna í ársbyrjun	55.036.765	105.530.069	232.040	51.589	160.850.463
Endurflokkun	(528.434)	0	0	0	(528.434)
Viðbætur á árinu	441.407	1.224.293	0	7.939	1.673.639
Staða í árslok	54.949.737	106.754.362	232.040	59.528	161.995.668

Afskriftir

Yfirfærsla eigna í ársbyrjun	29.920.133	56.926.493	101.667	30.894	86.979.187
Endurflokkun	(108.070)	0	0	0	(108.069)
Afskrifað á árinu	1.281.760	1.843.687	0	701	3.126.147
Staða í árslok	31.093.823	58.770.180	101.667	31.595	89.997.265

Bókfært verð

Bókfært verð 1.1. 2014	25.116.632	48.603.576	130.373	20.695	73.871.276
Bókfært verð 31.12. 2014	23.855.915	47.984.182	130.373	27.933	71.998.403

Endurmat

Í árslok 2015 var síðast framkvæmt endurmat á öllu veitukerfinu.

Við endurmatið eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar eru færðar á sérstakan endurmatadreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning var stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi félagsins. Veitukerfi fyrir heitt vatn og rafmagn eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa.

Fasteignamat og vátryggingaverð

Í árslok 2015 var fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 6.330 milljónir kr. (2014: 5.037 milljónir kr.) og brunabótamat þeirra nam 7.286 milljónum kr. (2014: 7.044 milljónir kr.). Vátryggingarverðmæti eigna félagsins nam 115,2 milljarða kr. í árslok 2015 (2014: 116,2 milljarðar kr.)

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð í árslok 2015 til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi ekki til virðisrýrnunar og engar vísbendingar eru um virðisrýrnun í árslok 2015.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófa eru eftirfarandi:

- Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 4,83% til 5,39%, (2014: 4,86% til 5,16%)
- Framtíðartekjувöxtur er áætlaður 0,95% til 1,0%, (2014: 0,7% til 1,0%)

Nánar er fjallað um endumat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 18 b.

10. Eignarhlutir í öðrum félögum

Veitur ohf. eiga 0,1% hlut í OR vatns- og fráveitu sf. á móti 99,9% eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur. OR vatns- og fráveita sf. sér um vatnsöflun og dreifingu á köldu vatni auk reksturs fráveitu. OR vatns- og fráveita sf. er staðsett að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2015	31.12. 2014
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.365.169	1.887.423
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(89.200)	(62.300)
	<u>2.275.969</u>	<u>1.825.123</u>
Skammtímakröfur á tengda aðila greinast þannig:		
Kröfur á móðurfyrirtæki vegna ávöxtunar á handbæru fé	3.988.713	1.303.606
Aðrar kröfur á tengda aðila	200.012	756.361
	<u>4.188.726</u>	<u>2.059.967</u>
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fjármagnstekjuskattur	5.068	572
Aðrar kröfur	1.304	8.908
	<u>4.834</u>	<u>9.480</u>

12. Handbært fé

Handbært fé í lok ársins samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í lok tímabilsins nemur 4,0 milljörðum kr. (31.12.2014: 1,3 milljarðar kr.) og er fært á meðal krafna á tengd félög í efnahagsreikningi.

13. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2015	31.12. 2014
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki, verðtryggð	39.371.776	42.218.571
Næsta árs afborgun langtímalána	(3.689.161)	(3.616.993)
	<u>35.682.616</u>	<u>38.601.579</u>

Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2015.....	0	3.616.993
Afborganir árið 2016.....	3.689.161	3.616.993
Afborganir árið 2017.....	3.689.161	3.616.993
Afborganir árið 2018.....	3.689.161	3.616.993
Afborganir árið 2019.....	3.689.161	3.616.993
Afborganir árið 2020.....	3.689.161	3.616.993
Afborganir síðar.....	20.925.973	20.516.615
	<u>39.371.776</u>	<u>42.218.571</u>

14. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna í réttindatengdum lífeyriskerfum. Skuldbinding þessi er vegna fyrirtækja sem sameinuðust Orkuveitu Reykjavíkur á sínum tíma. Eftir uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur hvílir skuldbindingin nú á Veitum ohf.

Í árslok var áfallin lífeyrisskuldbinding félagsins metin um 568 milljónir kr., núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins (2014: 545 milljónir kr.). Félagið uppfærir lífeyrisskuldbindinguna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings þegar það liggur fyrir ár hvert. Forsendur um lífslíkur eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á árinu byggir á almennri hækkun launa að teknu tilliti til vaxta. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu er færð til gjalda í rekstrarreikningi á meðal launa og launatengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem áætlaður er til greiðslu á árinu 2016 er færður meðal skammtímaskulda.

Skýringar

14. Lífeyrisskuldbinding, frh.

	31.12.2015	31.12. 2014
Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:		
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun.....	545.264	517.925
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu.....	(20.855)	(21.102)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu á árinu.....	43.252	48.441
Lífeyrisskuldbinding í árslok.....	567.661	545.264
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar.....	542.661	520.264
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar.....	25.000	25.000
	567.661	545.264

15. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2015	31.12. 2014
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	2.591.035	1.840.728
Áhrif af sérstöku endurmati fastafjármuna	1.049.627	0
Aðrar breytingar	(55)	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	833.113	750.306
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2015	4.473.720	2.591.035
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	6.634.735	5.964.746
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	(17.840)	(12.460)
Lífeyrisskuldbinding	(113.532)	(109.053)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	(2.029.642)	(3.252.198)
	4.473.720	2.591.035

Tekjuskattseign vegna yfirfæranlega taps er færð upp að fullu, hún er yfirfarin á hverjum uppgjörsdegi út frá áætlunum félagsins um framtíðarafkomu. Samkvæmt því mun tekjuskattseign sem færð er vegna yfirfæranlegs taps nýtast. Sjá nánari umfjöllun í skýringu 18. c.

	31.12.2015	31.12. 2014
Ójafnað skattalegt tap, nýtanlegt til ársins 2018	7.923.244	14.036.024
Ójafnað skattalegt tap, nýtanlegt til ársins 2019	2.224.969	2.224.969
Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok	10.148.212	16.260.992

16. Aðrar skammtímaskuldir

Almennar viðskiptaskuldir	388.428	394.435
Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Ógreidd laun og launatengdir liðir	329.352	209.747
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar	25.000	25.000
Ógreiddir virðisauka- og orkuskattar	38.076	35.473
Ógreidd opinber gjöld	393.886	145.812
	786.314	416.032

Skýringar

17. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	31.12.2015	31.12. 2014
Sala til félaga og stofnana í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	885.755	344.764
Kaup af félögum og stofnunum í eigu Reykjavíkurborgar.....	58.168 (10.459)
Sala til tengdra aðila.....	2.881.038	2.244.252
Orkukaup af tengdum aðilum.....	(3.279.985)	(2.909.919)
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum.....	(3.333.473)	(1.927.447)
	<u>(2.788.498)</u>	<u>(2.258.810)</u>
Vaxtatekjur vegna ávöxtunar lausafjár hjá móðurfyrirtæki.....	181.145	213.642
Vaxtagjöld vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	(3.159.561)	(2.907.946)
	<u>(2.978.416)</u>	<u>(2.694.304)</u>
Kröfur á tengd félög		
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	1.303	178.203
Krafa á móðurfyrirtæki, Orkuveitu Reykjavíkur.....	3.988.714	1.303.606
Krafa á systurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur - vatns- og fráveitu sf.....	194.002	549.787
Krafa á systurfélag Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.....	4.708	1.692
	<u>4.188.726</u>	<u>2.059.966</u>
Skuldir við tengd félög		
Skuld við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	395	3.660
Skuld við móðurfyrirtæki, Orkuveitu Reykjavíkur.....	435.014	456.524
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.	269.812	0
Skuld við systurfélag, Orkuveita Reykjavíkur Eignir ehf.....	54	0
	<u>705.275</u>	<u>460.183</u>

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 13 og upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringu 6.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

Skýringar

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Tekjur

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðsluferfi	15 - 50 ár
Dreifikerfi	10 - 90 ár
Aðrar fasteignir	50 ár
Aðrir lausafjármunir	7 - 25 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

Skýringar

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eignunum. Notað er raunverðslíkan við framangreinda útreikninga.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 10 um varanlega

Virðisrýrnun eigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Samstæðan skilgreinir gangvirðislækkun niður fyrir kostnaðarverð sem hlutlæga vísbendingu um virðisrýrnun fjáreigna til sölu þegar um er að ræða lækkun 15% niður fyrir kostnaðarverð eða gangvirðislækkun vari í a.m.k. sex mánuði.

c. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstigi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2015.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstigi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.